

89 skal jafnframt og jeg get þess, að jeg hef eptir ósk sýslumannsins beðið landfógetann að senda 31. júlí. honum helminginn af láninu, eða 5000 kr., með þessari pósthæð í peningum, biðja yður að leggja fyrir sýslumanninn að senda hingað sem fyrst skuldabréf fyrir láninu, samið eptir uppkasti sem landfógetinn mun senda honum beina leið með peningunum.

90 Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um inn-
2. ágúst. heimtu sektar hjá Þjóðjarðarlandseta. — Þjer hafið, herra amtmaður, í þóknanlegu brjefi 18. f. m. beiðst leiðbeiningar minnar um það, hvort höfða þurfi mál til að ná inn 10 kr. sekt til fátækra, sem fallin er á ábúanda einn á umboðsjörð samkvæmt 12. gr. í byggingarbrjefum Þjóðjarða, ef hann greiðir eigi sektina á rjettum tíma, eða hvort hann, þar sektin sje ákveðin með yfirvaldsúrskurði, eigi að afplána hana.

Út af þessu læt jeg ekki hjálíða þjónustusamlega að tjá yður, að með því að heimildin til sektar þeirrar, er hjer ræðir um, liggur í samningi milli ábúanda og hins opinbera (byggingarbrjefi), þá verður að höfða mál til lúkningar henni.

91 Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um sölu á
2. ágúst. fangelsinn á Húsavík. — Í þóknanlegu brjefi 21. apríl þ. á. hafið þjer, herra amtmaður, spurst fyrir um það, hvort yður beri að gjöra nokkra ráðstöfun til sölu á fangelsinu á Húsavík, samkvæmt lögum 28. sept. 1882, fyr en þjer fáíð beinlínis skipun landsstjórnarinnar til þess.

Útaf þessu skal jeg þjónustusamlega tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar, eptir að jeg hef borið spurningu þessa undir ráðgjafann, að með því að fangelsi það, sem hjer ræðir um, er eign jafnaðarsjóðs norður- og austuramtsins, þá er það á valdi amtsráðsins, að ákveða hve nær uppboðið skal haldið, og hverjir vera skulu söluskilmálarnir.

92 Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um tollafgreiðslu skipa sem
3. ágúst. koma frá utanríkishöfnum. — Eptir að hafa meðtekið þóknanlegt brjef yðar, herra landshöfðingi, frá 20. júní þ. á., vil jeg hjermeð þjónustusamlega biðja yður að sjá um, að það verði brýnt fyrir lögreglustjórunum að þess beri ávallt að gæta við tollafgreiðslu skipa samkvæmt 2. gr. í tilskipun 26. febr. 1872, um gjald af brennivíni og öðrum áfengum drykkjum, að krafizt sje af skipstjóra vottorðs þess uppá æru og samvizku, er getur um í 2. málsgrein nefndrar lagagreinar, og að ávallt skuli beita ákvörðuninni í 3. gr. nefndrar tilskipunar um rannsókn á farminum við skip, sem koma frá eða hafa á leiðinni til Íslands komið við á utanríkishöfnum, ef nokkur efi leikur á um, að rjett sje sagt til um tollskyldar vörur í skipinu.

93 Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Húnavatnssýslu um lán til að afstýra
8. ágúst. hallæri. — Það tilkynnist yður hjermeð, herra sýslumaður, að jeg samkvæmt lofordi mínu í brjefi 27. marz þ. á. og eptir að mjer hefur borist samþykki hlutadeigandi amtsráðs til þess, hef veitt sýslunefndinni í Húnavatnssýslu 6500 kr. lán úr viðlagasjóði til að afstýra hallæri í sýslunni gegn því, að af láni þessu verði greiddir 4 af hundraði á ári